

1. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

5. mars 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir (RKF), Páll Marís Pálsson (PMP) og Inger Erla Thomsen (IGT) í gegnum Skype, ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:04 og SHB býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Dagskrá:

- Sjónarmið LUF í RSK málinu til samþykktar:** SHB fór yfir málið fyrir nýja stjórnarmenn. Svarbréfi til RSK með sjónarmiði LUF var samþykkt.
- Undirritun tilkynningu til RSK um breytingu á stjórn:** Ákveðið var að fresta því þar til tilkynning ársins 2017 fer í gegn.
- Undirritun [siðareglna](#):** SHB las yfir siðarreglurnar og viðstaddir stjórnarmenn staðfestu með undirskrift sinni að fallast á að starfa eftir reglunum. Rætt var um viðbrögð á brotum og lagt var til að einn stjórnarmaður yrði ábyrgðaraðili stjórnar/trúnaðarmaður. Samþykkt var að LMJ fari með hlutverkið.
- Skilgreining meðstjórnanda til umræðu og samþykktar:** Rætt var um möguleg hlutverk með tilliti til þarfa félagsins út frá drögum að framkvæmdaráætlun og styrkleikum meðstjórnanda. Ákveðið var að IET taki við hlutverki upplýsingafulltrúa vegna reynslu hennar á því sviði og með #ÉgKýs netherferðina í huga. Samþykkt var að PMP taki við hlutverki málefnafulltrúa út frá nýjum málaflokkum í stefnu, þema starfsársins og markmið félagsins um að efla vöktun Alþingis.
- Verk- og vinnulagsreglur til umræðu og samþykktar:** Rætt var um verkaskiptingu innan stjórnar, gerðar voru breytingar í samræmi við samþykkt hlutverk meðstjórnanda. Reglurnar voru samþykktar.
- Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - Staða framkvæmdar #ÉgKýs 2018:** Lýðræðisvikan hefst 9. apríl og endar með skuggakosningum 12. apríl - til að tryggja að sem flestir geti tekið þátt, með tilliti til prófa o.þ.h. Skólarnir eru byrjaðir að staðfesta þátttöku en beðið er eftir frekari svörum um fjármögnun.
- Framkvæmdaáætlun 2018-2019 til uppfærslu m.v. nýja stefnu:** LMJ leggur til að PMP taki að sér að fara yfir áætlunina og að TI geri athugasemdir eftir það. Þá myndi stjórn fara yfir fyrir næsta stjórnarfund þar sem lokadrög áætlunar sem fer fyrir 1. fulltrúaráðsfund verður samþykkt af stjórn. Samþykkt var að ljúka verkinu fyrir fimmtudaginn 8. mars.
- Aðildarmál:** LMJ lagði til að stjórn skipti aðildarfélögunum á milli stjórnarmanna og mun útbúa skjal sem notað verður til hliðsjónar. Er þetta gert til að dreifa álaginu og

efla samskipti með tengiliðum stjórnarmanna við félögin. Einnig var lagt til að útbúa kynningarbréf með upplýsingum til aðildarfélaganna og tók LMJ að sér að útbúa bréfið. Upp kom umræða um að senda sambærilegt bréf á möguleg ný aðildarfélög, sem SHB og TI tóku að sér að hafa umsjón með. Tillögurnar voru samþykktar.

9. Ný heimasíða: TI gaf stjórnarmönnum aðgang að nýrri heimasíðu. Lagt var til að stjórn fari yfir síðuna og sendi athugasemdir um atriði sem þarf að uppfæra eftir sambandsþing.

10. Opnber útgáfa nýrrar stefnu: Skjalið þarfnast inngangstexta, enska þýðingu og grafik. PMP og TI var falið að ljúka við skjalið áður en lokaútgáfa er sent á Rannís.

11. Alþjóðamál: Agenda 2030 Up North er ráðstefna sem LUF er að skipuleggja ásamt systursamtökum sínum í Finnlandi. Var nýrri stjórn falið að ljúka við þetta verkefni fyrirverandi stjórnar. Ákveðið var að leita til fulltrúaráðs eftir þátttakendum.

12. Facebook-hópur fulltrúaráðs: Ákveðið var að búa til nýjan hóp fyrir nýtt ráð.

13. Dagsetningar fyrir fulltrúaráðsfundi starfsársins: SHB og LMJ leggja til eftirfarandi:

- a. 1. fundur - 16. apríl 2018.
- b. 2. Fundur 10. september 2018.
- c. 3. Fundur 12. nóvember 2018.
- d. 4. Fundur 7. janúar 2019.

14. Undirbúningur fyrir 1. fulltrúaráðsfund:

- a. TI falið að senda fundarboð á mennta- og menningarmálaráðherra.
- b. Fundarboð til ráðsins verður sent út af LMJ.
- c. SHB og MÖÓ setja upp rekstraráætlunina sem fer fyrir ráðið og verður hún tilbúin til samþykktar stjórnar á næsta fundi.

15. Næsti stjórnarfundur: 19. mars kl. 17:30

16. Önnur mál: Engin bærust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:10

UH ritaði fundargerð.